

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu  
b/t Sigurður Hreinsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 27. nóvember 2019  
UST201911-001/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga – Deiliskipulag fyrir Miklaholtshelli 2 í Flóahreppi – Stækkun á alifuglabúi**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 31. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Miklaholtshelli 2 í Flóahreppi vegna stækkunar á alifuglabúi.

Í greinargerð kemur fram markmið deiliskipulagsins er að skilgreina byggingarreiti og byggingarskilmála fyrir uppbyggingu þriggja alifuglahúsa á þremur byggingarreitum fyrir framleiðslu lífrænt vottaðra eggja. Fyrir á svæðinu er alifuglahús á einum þessara byggingarreita með heimild fyrir allt að 18.0000 stæði fyrir fugla og með deiliskipulaginu verður heimild til að hýsa allt að 49.000 fugla með stóru útisvæði.

Í greinargerð kemur fram að eldishús alifugla skal vera í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Umhverfisstofnun bendir á að umrædd reglugerð er brottfallin með tilkomu nýrrar reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaefirlit.

Umhverfisstofnun bendir á að við stækkun alifuglahúss að Miklaholtshelli 2 er starfssemin starfsleyfisskyld hjá stofnuninni þar sem um ræðir bú með fleiri en 40.000 pláss fyrir alifugla sbr. liður 6.6 í I. viðauka með framangreindri reglugerð nr. 550/2018.

### **Matsskylda framkvæmda**


Í greinargerð kemur fram að innan deiliskipulagssvæðis verður heimild fyrir allt að 49.000 varphænum og þess sem gert er grein fyrir núverandi hæsnahúsi sem er ekki hluti af deiliskipulaginu samtals 59.000 varphænur. Í greinargerð segir einnig að deiliskipulagið telst því ekki háð viðauka 1, lið nr. 1.09 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, þó svo að öll starfsemin sé tekin til. Umhverfisstofnun bendir á að í viðauka 1, lið nr. 1.10 segir að þauleldi búfjár utan þess sem tilgreint er í tölulíð 1.09 fellur í B. flokk framkvæmda en í þeim flokki eru framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Tilkynna þarf því stækkun búsins til Skipulagsstofnunar og sækja um starfsleyfi fyrir rekstrinum hjá Umhverfisstofnun. Stofnunin veur athygli á

Því að vinnsla og útgáfa starfsleyfis getur tekið allt að 240 daga og því brýnt að sækja um tímalega.

### **Valkostir**

Umhverfisstofnun telur umfjöllum um valkosti vera óljósa að því leiti að í greinargerð kemur fram að núll kostur sé sá kostur þar sem gildandi deiliskipulög verða áfram í gildi án þess að bætt sé við byggingarreit, áfram verður rekið alifuglabú á jörðunum og verði heildarfjöldi fugla innan jarðanna 41.000. Í inngangi greinargerðar segir að fyrir á svæðinu er alifuglahús á einum þessara byggingarreita með heimild fyrir allt að 18.000 fugla sem er starfsemi starfsleyfisskyld hjá viðeigandi heilbrigðisnefnd. Stofnunin telur að skýra ætti ofangreint í deiliskipulagi svæðisins.

Virðingarfyllt



Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur